

Hverfisnefnd Brekkuskólahverfis
fundargerð
8. fundur
18. september 2006, kl. 20-21:30

mætt: Sigurlína, Sigríður, Kristín, Hjörleifur, Kristján, Bergljót

Eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Fyrirhugaður íbúafundur ræddur.

Ræðumenn: Jónas Vigfússon fjallar um það sem betur mætti fara í hverfinu og Bragi Guðmundsson fjallar um hverfið á sinn hátt. Fundurinn fyrirhugaður fimmtudaginn 12. október n.k.

Kristján tekur að sér að koma saman dreifibréfi til þess að dreifa í hús hverfisins fyrir fundinn, þar sem fram koma upplýsingar um nefndarfólk og störf nefndarinnar. Fyrirhugað efni íbúafundarins er: kynning á hverfisnefnd (Sigga), kynning á starfsreglum nefndarinnar (Begga), erindi Jónasar, erindi Braga, verkefnalisti (umræður og hugmyndir frá íbúum).

2. Fastir fundir hverfisnefndarinnar 2. eða 4. þriðjudag hvers mánaðar. Næsti fundur þriðjudaginn 26. september kl. 20.

Fundi slitið